

Nd.

86. Nefndarátt

i málinu: Frumvarp til laga um viðauka við lög um skipströnd 14. janúar 1876.

Nefnd sú, er háttv. Nd. hefir skipað til að athuga frumvarp þetta, hefir komist að þeirri niðurstöðu að frumvarpið sje góð og þörf rjettarbót.

Að visu voru sumir nefndarmenn í vafa um, hvort rjett væri að ákveða, að skipsleifar, sem eigi eru fluttar af fjöru innan 2ja ára, frá því er skipið strandaði, yrði eign fjörueiganda. En þar sem vænta má, að hjer sje sjaldan um verulega fjemæta muni að ræða, sem kæmust í nokkuð verð að ráði, þótt reynt yrði að selja til ágóða fyrir hið opinbera, fann nefndin eigi rika ástæðu til að breyta þessu.

Aftur á móti hefir nefndin gert smábreytingar við 1. og 2. gr. frv.

Og ráðum vjer háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfylgjandi

BREYTINGARTILLÖGUM:

1. Við 1. gr.

Á eftir orðunum »selja flakið« í 3. línu, bætist inn í:
og annað það, er skipinu fylgir og flnst á strandstaðnum.

2. Við 2. gr.

Á eftir orðunum í 4. línu »þar sem skipið átti heima« bætist inn í:
svo og hjerlendum umboðsmanni ábyrgðarsala.

3. Við sömu gr.

Á eftir orðunum í 5. línu: »Andvirði hins selda« bætist inn í:
að frádregnum uppboðskostnaði og öðrum kostnaði.

Alþingi 11. júlí 1914.

Sveinn Björnsson,
formaður

Þorleifur Jónsson,
skrifari og framsögumaður.

G. Eggerz. Eggert Pálsson. Einar Jónsson.